

TAKTU TIL SENDINGUNA ÞÍNA Í 5 EINFÖLDUM SKREFUM

Sjáðu hvernig má verja sendinguna þína fyrir skaða, seinkun eða aukagjöldum með réttri þökkun og merkingu.



KASSAR

- 1 **VELDU GÆÐI**
Notaðir kassar missa styrk sinn. Gakktu úr skugga um að kassinn þinn sé stífur og í góðu ásigkomulagi.
- 2 **FORÐASTU ÓNÝTT RÝMI**
Of mikið fyllingarefni dregur úr styrk í stöflum. Forðastu kassa sem eru of stórir fyrir innihaldið og þurfa óeðlilega mikið fyllingarefni. Hætta er á að þeir kremjist.
- 3 **ÞUNGIR KASSAR**
Við getum tekið við kössum upp að 70 kg án brettis, en settu vinsamlegast merkið „HEAVY“ á kassa sem eru þyngri en 23 kg.
- 4 **LÍMDU FYRIR MEÐ H-I**
Notaðu gott límband og festu það í H-laga mynstri ofan á og undir, athugaðu hvort þörf sé á strekkiborða á þunga kassa.
- 5 **SKÝRAR MERKINGAR**
Fjarlægðu eldri merkingar. Festu nýjar merkingar ofan á, þannig að strikamerkið sé slétt (fari ekki yfir brúnina).

BRETTI

- 1 **STAFLIÐ LÓÐRÉTT UPP**
Uppréttir staflar tryggja mestan styrk í hleðslu. Ef innihaldið er stíft má stafla því eins og múrsteinum til að auka stöðugleika.
- 2 **EKKI LÁTA SKAGA ÚT**
Hlutir eiga að passa hornrétt á brettið, og ekki skaga út fyrir brúnir. Við tökum ekki við brettum sem skagar út af.
- 3 **HALTU ÞVÍ FLÖTU**
Sléttur efri flötur eykur styrk, þéttleika og hleðslugetu. Brettur sem ekki er hægt að stafla leiða til aukagjalds.
- 4 **STREKKTU BORÐA EÐA VEFÐU INN**
Notaðu strekkiborða eða strekkifilmu til að halda hlutum á sínum stað á brettinu. Strekkifilman á að fara utan um brettið líka.
- 5 **SKÝRAR MERKINGAR**
Brettum er staflað upp fyrir flutninga, þess vegna skulu merkingar festar á hliðina, ekki ofan á.


ÞVÍ MIÐUR, VIÐ GETUM EKKI TEKIÐ VIÐ SENDINGU ÞINNI...

Við þurfum samvinnu þína til að flytja sendinguna á öruggan og tryggan hátt. Ófullnægjandi umbúðir setja vörur þínar, aðrar sendingar og fólk í TNT-teymum okkar í hættu. Áður en sending er samþykkt gengur bílstjórinn okkar úr skugga um að hún sé „ferðbúin“.

KASSAR

ÓVIÐEIGANDI ÞÖKKUN

Enga þunga hluti í veikburða kössum. Kassar þurfa að vera nægilega styrkir, góðir og stórir. Ef þörf krefur, notaðu fleiri strekkiborða utan um til að styrkja kassann.



SKEMMDIR KASSAR

Enga götötta, kramda eða á einhvern hátt skemmda kassa.

BLAUTIR KASSAR

Enga blauta, leka eða vatnsskemmda kassa.


ÞYNGRI EN 70 KG

Kassa þyngri en 70 kg þarf að setja á bretti.

BRETTI

LAUSIR HLUTIR

Allt þarf að vera strekkt eða vafið á brettið þannig að úr verði ein, óaðskiljanleg heild.




BRETTI AF LÁGUM GÆÐUM

Engin léleg eða skemmd bretti.

ÓJAFNIR HLUTIR

HVASSAR BRÚNIR

Enga óvarða hvassa hluti. Setja þarf ríkulegt fyllingarefni til að forðast slys.



HLUTAR SEM STANDA ÚT

Hlutir sem skaga út af eða standa upp úr gætu valdið slysum eða skaðað aðrar sendingar.

ⓘ Sendingar sem innihalda **hættulegan varning** þurfa að fullu að uppfylla IATA og ADR-reglugerðir.

Frekari upplýsingar um rétta innpökkun má sjá á tnt.com